

Til háttvirts formanns utanríkismálanefndar Alþingis.

Fyrir hönd samfélags Marokkómanna á Íslandi viljum við nota þetta tækifæri og mótmæla aðför erlendra aðgerðarsinna í viðkvæmu og jafnframt umdeilu máli sem leitt hefur til þess að utanríkismálanefnd Alþingis hefur sent frá sér „nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um stuðning við sjálfsákvörðunarrétt íbúa Vestur-Sahara“, þingskjal 659 – 88. mál.

Við teljum að hér séu óvinveittir aðilar að slá ryki í augu hins háa Alþingis hvað varðar málefni svæðisins og það særir okkur mjög að þessir erlendu aðgerðasinnar skuli hafa fengið samborgara okkar með röngu til að stuðla að því að gerð yrði þingsályktunartillaga um þessa staðbundnu deilu án samráðs og án þess að leitað væri að hinni hlið málsins.

Við trúum því af öllu hjarta að hlutverk okkar sé að byggja brýr á milli ólíkra heima og menningar, í anda lýðræðis og í skjóli laga, og leitum því til yðar með það að markmiði að önnur málalok fáist.

Herra formaður.

Algjör einhugur er á meðal marokkósku þjóðarinnar varðandi málefni þessa svæðis vegna þekkingar hennar á sögu og landafræði svæðisins. Deilurnar stafa af afskiptum Alsír af málefnum Marokkó og þær eru að miklu leyti leifar kalda stríðsins.

Sagnfræðiupprifjun, þó þörf væri, er líklega ekki við hæfi hér, enda viljum við horfa til nútíðar og framtíðar og beinum því þeim tilmælum til Alþingis að taka ekki þá afstöðu sem nefndarálitið felur í sér.

Íslendingar af Marokkóskum uppruna lýsa eindreginni afstöðu gegn nokkrum aðskilnaði landsins. Íslendingar af marokkóskum uppruna eru um þriðjungur af öllum múslimum á Íslandi, og vilja stuðla að samræðum og gagnkvæmum skilningi. Við vonum því að sjónarmið Íslendinga af marokkóskum uppruna fái að heyrast í háttvirtu Alþingi og nái eyrum þínum og athygli, herra formaður.

Við skorum á Alþingi að styðja við viðleitni Sameinuðu þjóðanna sem miðar að því að það náist friðsöm, pólitísk lausn á málefnum svæðisins og þingið stilli sig um að taka afstöðu í deilu milli Marokkó og Alsír.


Við treystum á að skynsemin fái að ráða og að þingsályktun sem stuðlað að sundrungu verði ekki samþykkt á virðulegu Alþingi.

Við treystum jafnframt á dómgreind þína og skilning.

Ísland-Marokkó,
félag um samskipti og skoðanaskipti



Gísli Kr. Björnsson
stjórnarformaður



Karim Askari
meðstjórnandi